| Uppgröftur | Kerfisbundin raskandi vettvangsrannsókn á tilteknu svæði á landi eða neðansjávar þar sem jarðlög og manngerð form eru könnuð, skráð og túlkun með aðferðum fornleifafræðinnar auk söfnun gripa og sýna. | Excavation | Controlled intrucive fieldwork which examines, records and interprets archaeological features and structures and, as appropriate, retrieves artefacts and ecofacts within a specified area or site on land, inter-tidal zone or underwater. |

| | | | |
|---|---|---|---|
| Lausafundur | Óskipulögð könnun eða óvænt uppgötvun fornleifa, gripa, líkamsleifa, t.d. af hendi almennings eða vegna framkvæmda sem unnar eru án framkvæmdaeftirlits. | Casual observation | The unplanned observation of archaeological features or the recovery of artefacts of interest, for example either by random finds by members of the public or the unplanned observation of archaeological features during the course of unmonitored developments. |
| Fjarkannanir | Könnun þar sem leit að fornleifum á yfiborði er gerð í nokkurri fjarlægð, til dæmis þegar ljósmyndun eða önnur skránignartæki eru notuð um borð á flugtæki eða skipi/köfunarbát. | Remote sensing | Survey using photographic or other recording equipment mounted on or used from either an aircraft or other airborne vehicle or a maritime vessel/submersible craft. |
| Jarðeðlis-fræðileg rannsókn | Kortlagning fornleifa á yfirborði (lands eða sjávarbotns) með ýmsum jarðeðlisfræðilegum mælingum. Algengast er að nota viðnámsmælingar, segulmælingar, jarðsjármælingar, hliðarsónar og mælingar á rafsegulbylgjuleiðni. | Geophysical survey | Ground-based or marine subsurface mapping of archaeological features using different sensing technologies. most commonly applied are magneometers, electrical resistance meters, ground penetrating radar, side scan sonar, and electromagnetic conductivity, |

**C. Staðsetning**

Ef rannsókn nær yfir marga rannsóknarstaði þarf að senda excel-skjal með öllum staðarheitum og hnitum í ISN93 landshnitakerfinu.

## 4. Forvarsla

A. **Yfirumsjón með forvörslu.** Nafn þess sem hefur yfirumsjón með forvörslu í rannsókninni.
B. **Stofnun/Fyrirtæki.** Heiti stofnunar/fyrirtækis sem umsjónaraðili forvörslu vinnur hjá ef það á við.

## 5. Gögn

Upplýsingar um það magn gagna sem orðið hefur til vegna rannsóknarinnar á vettvangi, sérstaklega í uppgröftum. Skilningur er á því að þetta er ekki endanleg tala en skráning fundar- og sýnanúmera og skráning ljósmynda/teikninga ætti að gefa nokkuð góða mynd af magninu.

Jarðfundir hlutir eða fundir flokkast í fjóra þætti:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Magnfundur | Fundir sem finnast of saman í töluverðu magni og kalla ekki á sérstaka meðhöndlun eða stýringu á aðstæðum í geymslu. | Bulk finds | Finds that occur in quantity, and do not require special treatment or closely controlled storage conditions |
| Stakur fundur | Einnig þekkt sem skráður fundur. Þessir hlutir þarfnast yfirleitt stýringar á aðstæðum í | Small/single finds | (Sensitive finds or registered finds). Theses usually require controlled storage conditions, |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | geymslu og/eða nákvæmari skráningar. Dæmi um slíka fundi eru gripir úr gleri, leðri, málmum, textíl ásamt unnum við og beinum. | | and/or more detailed recording procedures, in situ or after collection; examples include ancient glass, leather, metalwork, textile, worked bone, worked flint and wood. |
| Líkams-leifar | Meðhöndlun líkamsleifa kallar oft á tíðum á sérstaka meðhöndlun og ekki síst nærgætni rannsakenda. | Human remains | These require specific treatment in accordance with national standards and legislation. |
| Sýni | Hér er oft um að ræða afurðir af greiningu á rannsóknarstofu, umhverfissýni o.s.frv. | Samples | These are often the product of laboratory analysis, eg environmental remains, thin-sections, microfossil slides. |

(Byggt á Brown, Duncan H. : Archaeological Archives. A guide to best practice in creation, compilation, transfer and curation. AAF, London, 2007).

Að auki þurfa að koma fram upplýsingar um fjölda ljósmynda (í dag er það í flestum tilvikum stafrænar myndir) og fjölda teikninga. Þeir sem eingöngu gera uppdrætti með alstöð setja ekki fram upplýsingar um fjölda.

## 6. Grisjunarstefna

Hvaða áætlun eða stefnu hefur rannsakandi um grisjun á jarðfundnum hlutum? Ætlar rannsakandi að safna og skila öllu sem kemur upp í uppgreftrinum eða er hann með einhverja fyrirfram skilgreinda stefnu um hverju hann vill farga og hverju hann vill halda.

## 7. Markmið og niðurstaða vettvangsrannsóknar (stuttur íslenskur texti)

Hvert var markmið rannsóknarinnar og tilgangur. Hverjar voru helstu uppgötvanir vettvangsrannsóknarinnar. Stuttur hnitmiðaður texti á íslensku sem nota má til kynningar á rannsókninni á heimasíðu Minjastofnunar.

## 8. Markmið og niðurstaða vettvangsrannsóknar (stuttur enskur texti)

Hvert var markmið rannsóknarinnar og tilgangur. Hverjar voru helstu uppgötvanir vettvangsrannsóknarinnar. Stuttur hnitmiðaður texti á ensku sem nota má til kynningar á rannsókninni á heimasíðu Minjastofnunar.

## 9. Rannsóknaráætlun

A. **Stóðst upphafleg rannsóknaráætlun?** Já eða nei.
B. **Ef nei, hverju þurfti að breyta?** Stuttur texti. Ef breytingarnar eru umtalsverðar þarf að hafa samband við Minjastofnun Íslands á meðan á rannsókninni stendur.

## 10. Skráning

Hvernig var haldið utan um skráningu? Hvaða skráningarkerfi var notað, hvers konar gagnagrunnur og með hvaða hætti verður skráningargögnum skilað inn?

## 11. Frágangur svæðis, stutt lýsing

Stutt lýsing á því hvernig gengið var frá skráningarsvæði.

## 12. Áframhald

**Er rannsóknin framhald frá fyrra ári?** Já eða nei.

**Ætlar rannsóknaraðili að sækja um leyfi til rannsókna á sama stað að ári liðnu?** (Já; Nei; Óákveðið).

## 13. Mynd

Með skal fylgja góð yfirlitsmynd af rannsóknarsvæði í jpg/tif í minnst 200-300 punkta upplausn. Upplýsingar um ljósmyndara og dagsetningu myndatökunnar þarf að senda með ásamt stuttum myndatexta.

## 14. Athugasemdir rannsóknaraðila

Atriði sem rannsóknaraðili vill koma á framfæri við Minjastofnun Íslands á þessum tímapunkti

# RE: Deiliskipulag Vatnsendahvarfs í Kópavogi

| | | |
|---|---|---|
| **Til** | : | Kristjana H  Kristjánsdóttir |
| **Frá** | : | Sigurður J Bergsteinsson <sigurdur@minjastofnun.is> |
| **Heiti** | : | RE: Deiliskipulag Vatnsendahvarfs í Kópavogi |
| **Málsnúmer** | : | 2011714 |
| **Málsaðili** | : | Kópavogsbær |
| **Skráð dags** | : | 09.10.2023 09:50:55 |
| **Höfundur** | : | Sigurður J Bergsteinsson <sigurdur@minjastofnun.is> |

**Viðhengi** image001.png

Sæl Kristjana,

Varðandi erindi þitt um Vatnsendahvarf.  Fornleifafræðingar sem að rannsókninni stóðu hafa sent okkur útfyllt eyðublað („lok vettvangsrannsóknar“).  ,i ljósi þess telur Minjastofnun ekki þörf á frekari rannsókn á vettvangi. Minjastofnun telur ekki þörf fyrir frekari fornleifarannsókn á vettvangi vegna fyrirhugaðra framkvæmda.

Með kveðju

Minjastofnun Íslands

**Sigurður Bergsteinsson**
*Verkefnisstjóri fornleifarannsókna*
Minjastofnun Íslands / The Cultural Heritage Agency of Iceland / Islands kulturarvsstyrelse
Suðurgötu 39
Sími/Tel. 5701320 | GSM: 8659942
sigurdur@minjastofnun.is / www.minjastofnun.is

---

**Frá:** Henny Hafsteinsdóttir
**Sent:** mánudagur, 25. september 2023 13:14
**Til:** Sigurður J Bergsteinsson
**Efni:** FS: Deiliskipulag Vatnsendahvarfs í Kópavogi

B. kv.
Henny Hafsteinsdóttir

---

**Frá:** Kristjana H Kristjánsdóttir <KristjanaH@kopavogur.is>
**Sent:** 25 September 2023 11:12
**Til:** Henny Hafsteinsdóttir <henny@minjastofnun.is>; Agnes Stefánsdóttir <agnes@minjastofnun.is>
**Afrit:** Auður D. Kristinsdóttir <audurdk@kopavogur.is>; Bergljót Sigríður Einarsdóttir <bergljote@kopavogur.is>; 'Elín Ósk Hreiðarsdóttir' <elin@fornleif.is>
**Efni:** RE: Deiliskipulag Vatnsendahvarfs í Kópavogi

Góðan daginn

Víð hér hjá Kópavogsbæ sendum ykkur erindi fyrir viku síðan varðandi fornleifakönnun á Vatnsendahæð.
Við erum nú á lokametrunum að undirbúa afgreiðsluferli deiliskipulagsins.  Ætlunin var að samþykkja deiliskipulagið í júní en vegna könnunar á fornleifum hefur samþykktarferli seinkað um þrjá mánuði.

Hafið þið tök á að gefa okkur svar hvort fornleifakönnun sé nægjanleg á þessu svæði?  Sjá einnig póst frá Elínu Ósk á fornleifastonfun  Íslands.

Bkv
Kristjana

---

**Frá:** Kristjana H Kristjánsdóttir
**Sent:** þriðjudagur, 19. september 2023 13:24
**Til:** 'Henny Hafsteinsdóttir' <henny@minjastofnun.is>; 'agnes@minjastofnun.is' <agnes@minjastofnun.is>
**Afrit:** Auður D. Kristinsdóttir <audurdk@kopavogur.is>; Bergljót Sigríður Einarsdóttir <bergljote@kopavogur.is>; 'Elín Ósk Hreiðarsdóttir' <elin@fornleif.is>
**Efni:** Deiliskipulag Vatnsendahvarfs í Kópavogi

Góðan dag

Með tilvísun í umsögn Minjastofnunar dags. 26.06.2023 vegna deiliskipulags Vatnsendahvarfs  hefur Kópavogsbær leitað til Fornleifastofnun Íslands til að gera frekari fornleifakönnun á Vatnsendahæð.
Fornleifastofnun hefur lokið könnun sbr eyðublað dags. 18.9.2023.  Við myndum gjarnan vilja bera undir
 Minjastofnun hvort að þessi rannsókn sé nægjanleg?

Það er ætlunin að deiliskipulag Vatnsendahvarfs og aðalskipulagsbreyting fari fyrir skipulagsráð í samþykktarferli í lok mánaðar.

Meðfylgjandi eru einnig shape skrár með staðsetningu á minjum sem voru kortlagðar í fornleifaskráningu Bjarna F Einarssonar á svæðinu.

Bestu kveðjur,

Kristjana Hildur Kristjánsdóttir
Verkefnastjóri hverfisáætlana
Umhverfissvið, skipulagsdeild
Sími 441 0000

# Breyting á aðalskipulagi Kópavogs
# Nýtt deiliskipulag Vatnsendahvarfs

Ábendingar, athugasemdir og umsagnir er bárust er tillögur voru kynntar




# Fylgiskjal 23

## Karlotta Helgadóttir

**From:** Snorri Sigurðsson - NI <Snorri.Sigurdsson@ni.is>
**Sent:** fimmtudagur, 8. júní 2023 17:54
**To:** Skipulag
**Subject:** Re: Varðar auglýsingu um skipulag. Vatnsendahvarfi/Vatnsendahæð. Tillaga að nýju deiliskipulagi og tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Kópavogs.

**Categories:** Vistað í OneCRM; 2208338
**One:** -1

Góðan dag,

Tilvísun í mál nr. 202304-0055 (SS).

Vísað er í tölvupóst frá skipulagsfulltrúa Kópavogs, dags. 27. apríl 2023, þar sem óskað er eftir umsögn um auglýsta breytingu á aðalskipulagi Kópavogs sem og auglýst deiliskipulag er bæði varða nýtt íbúðarhverfi á Vatnsendahvarfi/Vatnsendahæð.

Náttúrufræðistofnun hefur veitt umsagnir um málin á fyrri stigum og er vísað í almennar ábendingar í þeim umsögnum.

Í umsögn um tillögu að deiliskipulagi frá 20. apríl 2022, kemur fram að Náttúrufræðistofnun mælir með að lögð sé áhersla á að vernda vaxtarsvæði blátoppu innan deiliskipulagssvæðisins eftir fremsta megni. Jafnframt að í þeim tilfellum sem það sé ekki hægt að torfur með blátoppu séu færðar til innan svæðisins eða komið fyrir á öðrum svæðum sem henta.

Í endanlegri deiliskipulagstillögu og í meðfylgjandi minnisblaði garðyrkjustjóra Kópavogs kemur fram að rask vegna framkvæmda innan deiliskipulagssvæðisins verði svo mikið að ekki sé raunhæft að vernda vaxtarsvæði blátoppu eða yfir leitt upprunalegt gróðurlendi. Er það miður að mati Náttúrufræðistofnunar að það reynist svo því alla jafna er jákvætt að reyna að fella inn í skipulag upprunalega gróðurþekju t.d. á opnum svæðum og jafnvel inngörðum, og hlífa henni við raski á framkvæmdatíma. Vonandi verður það hægt að einhverju leyti.

Lagt er til í minnisblaðinu að fylgja ráðleggingum Náttúrufræðistofnunar um að færa til torfur af blátoppu á önnur svæði og sérstaklega kemur fram að velja skuli svæði þar sem alaskalúpína ógnar ekki tilvist blátoppunnar líkt og hún gerir almennt á Vatnsendahæð. Þetta er jákvætt og Náttúrufræðistofnun er reiðubúin í frekara samstarf þessu tengt eins og lagt er til í minnisblaðinu.

Í umhverfisskýrslu deiliskipulagsins kemur fram að áhrif á náttúrufar séu metin jákvæð vegna þessara aðgerða er varða blátoppuna. Náttúrufræðistofnun telur að þó sú aðgerð sé sannarlega jákvæð þá sé það rask sem verður á

náttúrulegu gróðurfari og upprunalegum vaxtarstöðum blátoppu neikvætt þótt ekki sé um að ræða stórt svæði. Eðlilegra væri því að meta áhrif deiliskipulagsins á náttúrufar sem óveruleg frekar en jákvæð.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir við deiliskipulagið eða aðalskipulagsbreytinguna.

með kveðju,

Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection
..........................................................................................................
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8,  220 Garðabær.
Sími/Tel:  (354) 5 900 500.          www.ni.is

NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUN ÍSLANDS

---

**From:** "Skipulag" <Skipulag@kopavogur.is>
**To:** "Skipulagsstofnun - SLS" <skipulag@skipulag.is>; "ust@ust.is" <ust@ust.is>; "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>; "natkop" <natkop@kopavogur.is>; "postur@minjastofnun.is" <postur@minjastofnun.is>; "borgarsogusafn@reykjavik.is" <borgarsogusafn@reykjavik.is>; "Vegagerðin - VG" <Vegagerdin@vegagerdin.is>; "samgongustofa@samgongustofa.is" <samgongustofa@samgongustofa.is>; "legal@isavia.is" <legal@isavia.is>; "isavia@isavia.is" <isavia@isavia.is>; "hef@heilbrigdiseftirlit.is" <hef@heilbrigdiseftirlit.is>; "skrifstofa@vedur.is" <skrifstofa@vedur.is>; "veitur@veitur.is" <veitur@veitur.is>; "landsnet@landsnet.is" <landsnet@landsnet.is>; "straeto@straeto.is" <straeto@straeto.is>; "Framkvæmdasýsla ríkisins - FSRE" <fsre@fsre.is>; "ssh@ssh.is" <ssh@ssh.is>; "olfus@olfus.is" <olfus@olfus.is>; "skipulag@reykjavik.is" <skipulag@reykjavik.is>; "hafnarfjordur@hafnarfjordur.is" <hafnarfjordur@hafnarfjordur.is>; "mos@mos.is" <mos@mos.is>; "gardabaer@gardabaer.is" <gardabaer@gardabaer.is>; "kopa@vogur.is" <kopa@vogur.is>; "Breiðablik" <breidablik@breidablik.is>; "hk@hk.is" <hk@hk.is>; "Gerpla" <gerpla@gerpla.is>; "LHM@LHM.is" <LHM@LHM.is>; "vatnsendaforeldrar@gmail.com" <vatnsendaforeldrar@gmail.com>; "kolbrunyrj@gmail.com" <kolbrunyrj@gmail.com>; "Vatnsendaskóli" <vatnsendaskoli@kopavogur.is>; "Ritari Hörðuvallaskóla" <ritari.horduvallaskola@kopavogur.is>; "hrafnista@hrafnista.is" <hrafnista@hrafnista.is>; "kristrun.benediktsdottir@hrafnista.is" <kristrun.benediktsdottir@hrafnista.is>
**CC:** "Erna Bára Hreinsdóttir - VG" <erna.b.hreinsdottir@vegagerdin.is>; "halldor.zoega" <halldor.zoega@samgongustofa.is>; "Hörður Þorsteinsson" <hordur@heilbrigdiseftirlit.is>; "pall@heilbrigdiseftirlit.is" <pall@heilbrigdiseftirlit.is>; "Guðrún Ingvarsdóttir - FSRE" <gudrun.ingvarsdottir@fsre.is>; "Jón Kjartan Ágústsson" <jon@ssh.is>; "gunnlaugur@olfus.is" <gunnlaugur@olfus.is>; "haraldur.sigurdsson" <haraldur.sigurdsson@reykjavik.is>; "bjorn.axelsson@reykjavik.is" <bjorn.axelsson@reykjavik.is>; "thormodurs@hafnarfjordur.is" <thormodurs@hafnarfjordur.is>; "kristinnp@mos.is" <kristinnp@mos.is>; "arinbjorn@gardabaer.is" <arinbjorn@gardabaer.is>; "Auður D. Kristinsdóttir" <audurdk@kopavogur.is>; "Kristjana H Kristjánsdóttir" <KristjanaH@kopavogur.is>; "Bergljót Sigríður Einarsdóttir" <bergljote@kopavogur.is>; "Karlotta Helgadóttir" <karlottah@kopavogur.is>; "Guðrún Lára Sveinsdóttir - SLS" <Gudrun.Sveinsdottir@skipulag.is>; "axel.benediktsson@umhverfisstofnun.is" <axel.benediktsson@umhverfisstofnun.is>; "trausti@ni.is" <trausti@ni.is>; "finnur@natkop.is" <finnur@natkop.is>; "petur@minjastofnun.is" <petur@minjastofnun.is>; "gudrun.helga.stefansdottir@reykjavik.is" <gudrun.helga.stefansdottir@reykjavik.is>
**Subject:** Varðar auglýsingu um skipulag. Vatnsendahvarfi/Vatnsendahæð. Tillaga að nýju deiliskipulagi og tillaga að

Skipulags- og byggingardeild Kópavogs
b.t. skipulagsstjóra
Digranesi 1
200 Kópavogur

Reykjavík, 8. júní 2023

**Efni: Umsögn Veitna vegna tillögu að nýju deiliskipulagi og aðalskipulagsbreytingu fyrir Vatnsendahvarf.**

Veitur hafa fengið til umsagnar breytingu á aðalskipulagi og tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir Vatnsendahvarf. Tillaga að breytingu á aðalskipulagi felst í að samhæfa/aðlaga aðalskipulag að tillögu að deiliskipulagi fyrir Vatnsendahvarf. Gert er ráð fyrir nýju íbúðahverfi með fjölbreyttu formi íbúða, leikskóla/skóla og útivistarsvæðum ásamt möguleika á verslun og þjónustu. Í tillögunni er gert ráð fyrir um 500 íbúðum alls í sérbýli (einbýli, raðhús/parhús), klasabyggingum og fjölbýlishúsum á 2-3 hæðum auk kjallara.

Veitur eiga og reka hitaveitu og rafmagnsveitu í Kópavogi. Við skipulag nýrra svæða þarf að gæta þess að tryggja rými fyrir nauðsynleg veitukerfi í samræmi við breyttar aðstæður og að veitufyrirtæki komi að gerð skipulagsins framarlega í skipulagsferlinu. Veitur vekja athygli á að ekkert dreifikerfi hitaveitu og rafmagns er til staðar í Vatnsendahvarfi.

Í Vatnsendahvarfi þarf að gera ráð fyrir að styrkja þurfi aðliggjandi dreifistofna hitaveitu og mögulega staðsetja dælustöð til að anna eftirspurn fyrir nýtt hverfi sem og aðra framtíðaruppbyggingu sem fyrirhuguð er á Vatnsendasvæðinu. Einnig þarf að gera ráð fyrir dreifistöðvum rafmagns í hverfinu.

Lóðarhafa/ráðgjafa ber að hafa samband við veitufyrirtæki og fá ráðgjöf og upplýsingar er varða lagnir og mannvirki á svæðinu. Við vinnslu deiliskipulags er mikilvægt að huga að lagnaleiðum veitulagna og aðgengi að lagnakerfinu eftir uppbyggingu auk lóða fyrir mannvirki veitna t.d. dælustöðvar og dreifistöðvar

Veitur leggja áherslu á mikilvægi samráðs frá fyrstu stigum skipulagsferlisins til samþykktar. Jafnframt óska Veitur eftir upplýsingum um áform og tímasetningar svo hægt sé að huga að nauðsynlegri styrkingu og samþættingu við framkvæmdir.

Virðingarfyllst,
f.h. Veitna

Helga Rún Guðmundsdóttir

EBV-150-02

VEITUR

Umhverfissvið Kópavogsbæjar, skipulagsdeild
Digranesvegi 1
200 Kópavogi
skipulag@kopavogur.is

6.júní 2023
2023-04-89/0.11.2

Efni: **Umsögn Landsnets um tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 og tillögu að deiliskipulagi fyrir Vatnsendahvarf/Vatnsendahæð**

Landsneti barst, þann 27. apríl 2023, beiðni um að veita umsögn um tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 og tillögu að deiliskipulagi fyrir Vatnsendahvarf/Vatnsendahæð. Um er að ræða deiliskipulag fyrir nýtt íbúðarhverfi í Vatnsendahvarfi og samhljóða breytingu á gildandi aðaliskipulagi Kópavogs. Umsagnafrestur er til 8. júní 2023.

Landsnet hefur farið yfir gögnin sem fylgdu erindinu. Hlutverk Landsnets er með lögum nr. 65/2003 að annast flutning raforku og kerfisstjórnun. Í umsögn Landsnets er fyrst og fremst tekin afstaða til málefna sem snúa að því.

Landsnet hefur áður veitt umsögn um forkynningu á tillögu að deiliskipulagi Vatnsendahæðar í Vatnsendahvarfi og um skipulagslýsingu breytingar á Aðalskipulagi Kópavogs vegna Vatnsendahvarfs/Vatnsendahæðar. Í umsögn um vinnslutillögu deiliskipulagsins vakti Landsnet athygli á að samkvæmt kerfisáætlun fyrirtækisins væri gert ráð fyrir byggingu nýrrar 220 kV háspennulínu, sem mögulega myndi liggja við mörk skipulagsins. Einnig að fyrirtækið ynni að gerð umhverfismats vegna þessa.

Hlé hefur nú verið gert á vinnu við undirbúning línunnar, þannig að ofangreindar forsendur hafa breyst. Landsnet telur því ekki lengur þörf á að fyrirtækið veiti umsagnir um skipulag á þessu svæði.

Virðingarfyllst

__________________________________

Rut Kristinsdóttir

# Undirritunarsíða

Rut Kristinsdóttir

UMHVERFIS
STOFNUN

Kópavogsbær
Bergljót Sigríður Einarsdóttir
Digranesvegi 1
200 Kópavogur

Reykjavík, 6. júní 2023
UST202304-278/A.B.
10.04.02

**Efni: Breyting á aðalskipulagi Kópavogs 2019 - 2040, Vatnsendahvarf-Vatnsendahæð**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Kópavogs er barst 27. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 2019 – 2040 fyrir Vatnsendahvarf.

Í greinargerð kemur fram breytingin nær yfir svæðin ÍB-6, S-27 og S-67, VÞ-20, OP-5.13 og MV-9. Vegna íbúðarsvæðis, ÍB-6, eru uppfærðir skilmálar fyrir útvarpshúsið, verslunar- og þjónustustarfsemi, leik- og grunnskóla, fjarskipti o.fl.  Leikskólar, S-27, breyting á skilmálum fyrir leikskóla eða samþættan leik- og grunnskóla. Skólar, kirkjur, félög/samfélagsþjónusta, S-67, skilmálar gilda nú fyrir einn reit en ekki tvo. Verslunar- og þjónustusvæði VÞ-20 er fellt út. Opin svæði, OP-5.13, skilmálum bætt við um hundagerði, fjarskipti, dvalar- og leiksvæði og útsýnis- og upplýsingastað.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir ofangreinda breytingu og gerir ekki athugasemdir við hana.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson
***sérfræðingur***
Björn Stefánsson
***sérfræðingur***

Veðurstofa Íslands

Kópavogsbær
Umhverfisssviðs Kópavogs
Digranesvegi 1
200 Kópavogi
skipulag@kopavogur.is

Dags. 6. júní 2023
Tilv. 5618-0-0005
Mál 2022-0180

Með erindi dags. 27. apríl sl. óskaði Kópavogsbær eftir umsögn Veðurstofu Íslands eftir umsögn um tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040, vegna Vatnsendahvarf/Vatnsendahæð.

Veðurstofa Íslands gerir ekki athugasemd við tillögur þessar.

Virðingarfyllst,

Árni Snorrason
Forstjóri Veðurstofu Íslands

Isavia
Innanlandsflugvellir

Kópavogsbær
Umhverfissvið Kópavogs, skipulagsdeild
Digranesvegi 1
200 Kópavogur
skipulag@kopavogur.is

Reykjavíkurflugvelli, 15. maí 2023
*INN2304016SBJ*

**Efni: Breytingar á aðalskipulagi og deiliskipulagi Vatnsendahvarf/Vatnsendahæð.**

Isavia ohf. hefur móttekið erindi Kópavogsbæjar sem sent var í tölvupósti 27.4.2023 þar sem kynnt er og óskað eftir umsögn Isavia um breytingar á aðalskipulagi og deiliskipulagi við Vatnsendahvarf í Kópavogi.

Isavia ohf. hefur farið yfir gögn málsins sem aðgengileg eru á vefsíðu Kópavogsbæjar og gerir ekki athugasemd við breytingarnar.

Virðingarfyllst,
f.h. Isavia Innanlandsflugvalla ehf.

Sigrún Jakobsdóttir
Framkvæmdastjóri

Afrit sent Samgöngustofu

## Kristjana H Kristjánsdóttir

| | |
|---|---|
| **Frá:** | Magnús Hauksson <magnus@112.is> |
| **Sent:** | mánudagur, 15. maí 2023 14:05 |
| **Til:** | Ásthildur Helgadóttir - sviðsstjóri umhverfissviðs; Auður D. Kristinsdóttir |
| **Afrit:** | Skipulag |
| **Efni:** | RE: Vatnsendi |
| **Viðhengi:** | Vatnsendahæð-fjarskiptamannvirki.pdf |
| **Eftirfylgniflagg:** | Follow up |
| **Flaggstaða:** | Lokið |
| **Flokkar:** | Vistað í OneCRM; 2011714 |

Góðan dag,

Vísa til fundar okkar í fyrra um skipulag á Vatnsendahæð og fjarskiptamannvirki sem þar eru, sjá samskipti hér að neðan.

Í nýjum drögum að deiliskipulagi er reitur fyrir fjarskiptamannvirki. Hann er ekki alveg réttur þar sem mastrið sem þarna er virðist á réttum stað en fjarskiptahús sem þarna er er austan við mastrið, ekki sunnan við það. Leiðrétta þarf uppdráttinn vegna þessa þ.a. reiturinn stækki aðeins til austur og minnki þá að sama skapi til suðurs. Sjá hér með mynd með úrklippu úr deiliskipulaginu og nýja loftmynd af svæðinu.

P.s. Þórhallur hefur látið af störfum og hef ég tekið við þessu máli.

Kveðja / Regards
Magnús Hauksson
magnus@112.is
+354 8635958
Neyðarlínan ohf.

---

**Frá:** Þórhallur Ólafsson <Thorhallur.Olafsson@112.is>
**Sent:** fimmtudagur, 25. ágúst 2022 08:09
**Til:** Magnús Hauksson <magnus@112.is>
**Efni:** FW: Vatnsendi

---

**From:** Ásthildur Helgadóttir - sviðsstjóri umhverfissviðs <Asthildur.Helgadottir@kopavogur.is>
**Sent:** 24 August 2022 12:30
**To:** Þórhallur Ólafsson <Thorhallur.Olafsson@112.is>; Sigurður Hallgrímsson <sh@arkthing.is>
**Cc:** Auður D. Kristinsdóttir <audurdk@kopavogur.is>
**Subject:** RE: Vatnsendi

Sæll Þórhallur

Við getum fundað á Teams kl. 9:30 á föstudaginn en það er ekki mikið að funda um þar sem svæðið er í deiliskipulagsferli og ekki hægt að fara í framkvæmdir fyrr en það er klárt eins og ég nefndi í pósti þann 6.júlí. Það er alveg hægt að funda um endanlega tillögu á útfærslu sem yrði tekin inn í deiliskipulagsferlið ef það er það sem þú varst að spá?

Minjastofnun Íslands

The Cultural Heritage Agency of Iceland

Minjavörður Reykjavíkur og nágrennis

Suðurgata 39
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280

**Henny Hafsteinsdóttir**
Minjavörður Reykjavíkur og nágr.
henny@minjastofnun.is

Kópavogsbær
Fannborg 2
200 Kópavogur

Reykjavík, 26. júní 2023
*MÍ*202305-0036/ 6.08

**Efni: Vatnsendahvarf/Vatnsendahæð - tillaga að nýju deiliskipulagi og tillaga að breytingu á aðalskipulagi**

Með tölvubréfi dagsett 27. apríl 2023 óskaði skipulagsfulltrúi Kópavogsbæjar eftir umsögn Minjastofnunar Íslands um tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir Vatnsendahvarf/Vatnsendahæð og tillögu að breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 vegna sama svæðis. Vísað var á heimasíðu Kópavogsbæjar þar sem gögn málsins voru sótt. Skipulagsuppdrættir voru unnir af Arkþing Nordic dagsettir 20.02.2023. Athugasemdafrestur rann út 8. júní sl. en ekki var unnt að klára umsögn þessa fyrr en staðfest húsakönnun lægi fyrir, en endanleg skýrsla barst stofnuninni þann 18. júní sl.

Skipulagssvæðið er um 29 ha að stærð og liggur að mörkum fyrirhugaðs Arnarnesvegar, Kórahverfis og Hvörfun í Vatnsenda. Reisa á nýtt íbúðahverfi með tilheyrandi þjónustu og útivistarsvæðum.
Í greinargerð deiliskipulagsins segir m.a. að svæðið sé að mestu aflíðandi og nær óbyggt, utan fjarskiptamastra og tilheyrandi mannvirkja. Hluti eldri mannvirkja á svæðinu s.s. gamla útvarpshúsið, hafa vikið á undanförnum misserum. Eftir stendur ein bygging sem hýsir starfsemi Mílu og gert er ráð fyrir að hún víki samhliða uppbyggingu á svæðinu. Gert er ráð fyrir útsýnisstað frá háholtinu þar sem útvarpshúsið stóð áður með upplýsingaskiltum um fjarskiptasögu svæðisins sem fléttast inn í nýja byggð og útivistasvæði. Einnig segir í greinargerðinni að á skipulagssvæðinu sé að finna minjar merktar MV-9 í aðalskipulagi (42 í fornleifaskráningu), rústir undir Vatnsendahvarfi. Líkur eru á að rústirnar séu beitarhús frá Vatnsenda og eru þær staðsettar við Álfkonuhvarf. Gert er ráð fyrir að þessar minjar verði varðveittar og merktar og tengi þannig saman sögu svæðisins og nýja íbúðabyggð. Um svæðið liggur einnig gömul þjóðleið ásamt herminjum, en ekki er gert ráð fyrir að þær verði varðveittar.
Í greinargerð vegna breytingar á aðalskipulagi segir m.a. að tilgangur breytingarinnar sé að samræma stefnu í aðalskipulagi við það deiliskipulag sem unnið sé að og er hér til umsagnar.

Minjastofnun hefur áður veitt umsagnir um skipulagssvæðið dagsettar, 8. júní 2021, 29. apríl 2022 og 26. október 2022. Í umsögn stofnunarinnar frá október sl. var farið fram á að útlínur skráðra fornleifa innan deiliskipulagssvæðisins skyldu færðar inna á deiliskipulagsuppdráttinn

*Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnsýslustigi og ekki kæranlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.*

þannig að fram komi með skýrum hætti umfang og afstaða minjanna. Samkvæmt meðfylgjandi deiliskipulagsuppdrætti hefur þetta ekki verið gert.

Í 16. gr. laga nr. 80/2012 um menningarminjar segir m.a. að skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skuli fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi.

Fyrir liggur *Húsakönnun Vatnsendahvarf*, unnin af Arkþing Nordic, útgefin í júní 2023 og uppfyllir hún staðla Minjastofnunar um húsaskráningu sbr. 16. gr. laga nr. 80/2012. Samkvæmt þeirri skýrslu eru fimm mannvirki skráð á skipulagssvæðinu, fjarskiptastöð, tækjaskýli og þrjú fjarskiptamastur. Fjarskiptastöðin er eina mannvirkið sem fellur undir verndarákvæði laga nr. 80/2012, en hún var reist var árið 1934 og er því umsagnarskyld sbr. 30. gr. laganna.

Fyrir liggur *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags Vatnsenda, Kópavogi*, unnin af Bjarna F. Einarssyni árið 2022 og uppfyllir hún staðla Minjastofnunar um fornleifaskráningu sbr. 16. gr. laga nr. 80/2012. Samkvæmt þeirri skýrslu eru skráðar 13 fornleifar á svæðinu en óljóst er um aldur 10 þeirra. Af þeim 10 eru 4 fornleifar skráðar undir númerum 95 og 96 og ef þær tengjast möstrum á svæðinu hafa þær ekki náð 100 ára aldri. Dældirnar (94, 97, 98, 99, 100 og 101) eru líklega frá árunum 1920-1950. Rétt er að benda á að landupplýsingagögnum sem tilheyra umræddri fornleifaskráningu hefur ekki verið skilað til Minjastofnunar sbr. 15. gr. laga nr. 80/2012 um menningarminjar.

*Minjastofnun fer fram á að útlínur allra 13 skráðra fornleifa sem hafa verið mældar upp sbr. ofangreinda fornleifaskráningu skulu færðar inn á deiliskipulagsuppdráttinn þannig að fram komi með skýrum hætti umfang og afstaða minjanna ásamt 15 metra friðhelgunarsvæði þeirra sbr. 4. gr. reglna nr. 620/2019 um skráningu jarðfastra menningarminja vegna skipulags og framkvæmda. Uppfærður deiliskipulagsuppdráttur skal sendur stofnuninni til umsagnar.*
*Minjastofnun telur mikilvægt að kanna nánar fornleifar á svæðinu m.t.t. aldurs, umfangs og eðlis. Stofnunin fer því fram á að eftirfarandi mótvægisaðgerðir:*

- *Rúst (42) og (MV-9): Fram kemur í skipulagsgögnum að vernda á þessa fornleif og kynna fyrir almenningi. Farið er fram á að rústin verði girt af á meðan á framkvæmdum stendur til að koma í veg fyrir að þær raskist af vangá.*
- *Þjóðleið (92): Leiðin liggur að hluta til mjög nærri rústinni (42) og innan friðhelgunarsvæði hennar og má því gera ráð fyrir að þeim hluta leiðarinnar verði ekki raskað vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Ef öðrum hlutum leiðarinnar verður raskað er það mat Minjastofnunar að skráning leiðarinnar sé fullnægjandi mótvægisaðgerð.*

- *Rúst (93): Uppmælingar af rústinni hafa ekki verið færðar inn á deiliskipulagsuppdráttinn og því ekki ljóst hvernig hún mun verða fyrir áhrifum vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Minjastofnun telur að grafa verði könnunarskurð (þversnið) í rústina til að fá betri mynd af gerð hennar og til að kanna hvort undir henni leynist leifar eldri mannvirkja.*
- *Garðar (95 og 96): Hér er um að ræða fjögur garðlög. Uppmælingar af þeim hafa ekki verið færðar inn á deiliskipulagsuppdráttinn og því ekki ljóst hvernig þeir verða fyrir áhrifum vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Minjastofnun telur að grafa verði könnunarskurð (þversnið) í eitt garðlagið til að fá betri mynd af gerð og mögulega geta greint aldur þeirra.*
- *Dældir (94, 97, 98, 99, 100 og 101): Uppmælingar af dældunum hafa ekki verið færðar inn á deiliskipulagsuppdráttinn og því ekki ljóst hvernig þær verða fyrir áhrifum vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Minjastofnun telur að taka verði borkjarna í eina dældina (97) til að fá betri mynd af eðli hennar og mögulega geta greint aldur þeirra.*

*Minjastofnun gerir ekki frekari athugasemdir við tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir Vatnsendahvarf/Vatnsendahæð og tillögu að breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 vegna sama svæðis.*

*Bent skal á að í 21. gr. laga nr. 80/2012 stendur m.a.: „Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands." Og á 2. mgr. 24. gr. sömu laga sem hljóðar svo: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands." Að lokum er minnt á að skila þarf landupplýsingagögnum vegna fornleifaskráningar á netfangið skraning@minjastofnun.is*

Virðingarfyllst,

Henny Hafsteinsdóttir
Minjavörður Reykjavíkur og nágr.

*Afrit sent:*
*Skipulagsstofnun (skipulag@skipulag.is)*

Umhverfissvið Kópavogs, skipulagsdeild
Digranesvegur 1
200 Kópavogur

**Umsögn vegna Tillögu að breyttu aðalskipulagi við Vatnsendahvarf í Kópavogi.**
Mál nr. ONE 2208338

Vegagerðin hefur fengið til umsagnar tillögu að breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040, Vatnsendahvarf/Vatsendahæð, sem unnin er af skipulagsdeild umhverfissviðs Kópavogs, dags. febrúar 2023

Vegagerðin hefur yfirfarið innsend gögn skv. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með hliðsjón af hlutverki stofnunarinnar.

Vegagerðin bendir á að skv. Vegalögum nr. 80/2007 er veghelgunarsvæði 30 m breitt til hvorrar handar frá miðlínu stofnvega en 15 m frá miðlínu annarra þjóðvega. Vegagerðin leggur áherslu á að veghelgunarsvæði veg í umsjón Vegagerðarinnar, í þessu tilviki Arnarnesvegur, séu sýndir á uppdráttum. Framkvæmdir innan veghelgunarsvæðis eru háðar leyfi frá Vegagerðinni. Að öðru leiti gerir Vegagerðin ekki athugasemdir við tillögu að breyttu aðalskipulagi við Vatnsendahvarf.

Virðingarfyllst,
f.h. Vegagerðarinnar
Katrín Halldórsdóttir
Verkfræðingur
Höfuðborgarsvæði Vegagerðarinnar



**Vegagerðin**
Suðurhruan 3
210 Garðabær
+354 52210000
Vegagerdin.is

vegagerdin@vegagerdin.is

| Tilvísun 2020010033 | 20.06.20023 |
|---|---|

Umhverfissvið Kópavogs, skipulagsdeild
Digranesvegur 1
200 Kópavogur

**Umsögn vegna Tillögu að breyttu deiliskipulagi við Vatnsendahvarf í Kópavogi.**

Vegagerðin hefur fengið til umsagnar tillögu að breytingu á deiliskipulagi við Vatnsendahvarf í Kópavogi, sem unnin er af Nordic, dagsett febrúar 2023.

Vegagerðin hefur yfirfarið innsend gögn .

Vegagerðin bendir á að skv. Vegalögum nr. 80/2007 er veghelgunarsvæði 30 m breitt til hvorrar handar frá miðlínu stofnvega en 15 m frá miðlínu annarra þjóðvega. Framkvæmdir innan veghelgunarsvæðis eru háðar leyfi frá Vegagerðinni.

Vegagerðin minnir á Vegalög nr. 80/2007 en þar koma m.a. fram ákvæði um veghelgunarsvæði.

Vegagerðin óskar eftir að veghelgunarsvæði sé sýnt á uppdráttum skv. Skipulagsreglugerð 90/2013, 5.3.2.5. grein.

Að öðru leiti gerir Vegagerðin ekki athugasemdir við tillögu að breyttu deiluskipulagi við Vatnsendahvarf.



Virðingarfyllst,
f.h. Vegagerðarinnar
Katrín Halldórsdóttir
Verkfræðingur
Höfuðborgarsvæði Vegagerðarinnar

**Vegagerðin**
Suðurhruan 3
210 Garðabær
+354 5221000
Vegagerdin.is

vegagerdin@vegagerdin.is